

7. kafli Skipulagsskrá Framkvæmdasjóðs

20. grein

1. Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar og er eign Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Hlutverk sjóðsins er að veita fjármunum til góðgerða- og samfélagsmála.
2. Stjórn sjóðsins skipa 3 klúbbfélagar sem kosnir eru til 3ja ára á sama klúbbfundi og stjórnarkjör klúbbsins er haldið, þannig að einn gangi úr stjórninni árlega. Formaður sjóðsins er kosinn sérstaklega og er hann jafnframt framkvæmdastjóri sjóðsins. Ekki má kjósa sama félag til setu í báðum stjórnnum samtímis.
3. Ný stjórn sjóðsins tekur við störfum á sama klúbbfundi og ný stjórn klúbbsins.
4. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa, fundargerðir stjórnar, ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum og annað sem varðar hag og rekstur hans svo sem ársreikninga.
5. Stjórn sjóðsins aflar tekna fyrir sjóðinn með útgáfu og sölu jólamerkja, sölu á jólatrjám úr skógræktarreit klúbbsins og annarri fjáröflun, sem stjórn sjóðsins gerir tillögur um og staðfest er af stjórn klúbbsins.
6. Stjórn sjóðsins er heimil úthlutun fjár úr sjóðnum til sérstakra viðfangsefna annarra en venjulegra félagsstarfa. Stjórn sjóðsins skal upplýsa félag um úthlutanir úr sjóðnum á klúbbfundi þegar þær hafa verið ákveðnar. Stjórn sjóðsins skal upplýsa og hafa gott samráð við stjórn klúbbsins um úthlutanir úr sjóðnum. Ef upp kemur ágreiningur milli stjórnar sjóðsins og stjórnar klúbbsins vegna úthlutunar úr sjóðnum skulu báðar stjórnir leita allra leiða til að leysa hann, en ef það tekst ekki skal stjórn sjóðsins bera málið undir klúbbfund til samþykktar eða synjunar.
7. Hugað skal að góðri ávöxtun peningalegra eigna sjóðsins.
8. Reikningsár sjóðsins er hið sama og Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar þ.e. frá 1. Júlí til 30. júní árið eftir.
9. Ársreikningur skal áritaður af stjórn sjóðsins og skoðunarmönnum reikninga klúbbsins. Ársreikningur skal stjórn sjóðsins kynna og bera upp til samþykktar á klúbbfundi í lok reikningsárs.

Þessi nýja útgáfa af skipulagsskrá Framkvæmdasjóðs Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar var samþykkt á klúbbfundi 9. Febrúar 2012.